



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: **Samþykkt samnings um rekstur stuðningsheimilis að Miklubraut**

Lagt er til að velferðarráð samþykki drög að samningi við Samhjálp um rekstur stuðningsheimilis að Miklubraut.

Heildarfjárhæð samningsins er 12.748.918 kr., sem rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs 2025.

Greinargerð:

Gerðir hafa verið samningar frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2023 um að Samhjálp reki stuðningsheimili að Miklubraut í Reykjavík. Húsnæðið er ætlað einstaklingum sem hafa hætt neyslu áfengis- og vímuefna og þarfnast sérstaks stuðnings. Markmiðið er að koma til móts við þarfir einstaklinga sem hafa gert margar tilraunir til að ná tökum á áfengis- og vímuefnavanda og eiga við margháttða félagslega erfiðleika að stríða.

Alls geta átta manns dvalist á heimilinu í senn og hefur hver heimilismaður sérherbergi. Einnig eru vistarverur sem ætlaðar eru til samveru o.fl. Tölulegar upplýsingar fyrir árið 2024 liggja ekki enn fyrir en á árinu 2023 voru samtals 15 íbúar sem áttu dvalarstað á M18 á mismunandi tímum. Sex menn voru í húsi 1. janúar 2023 og sami fjöldi þann 31. desember 2023. Innritaðir voru níu nýir einstaklingar á því ári. Tveir þeirra voru enn í húsi í lok árs 2023 en sjö voru þegar farnir. Af þeim sem fóru, fluttu tveir í félagslegt leiguhúsnæði, sjö einstaklingar urðu uppvísir að neyslu og luku því dvöl. Ekkert ofbeldismál átti sér stað á árinu 2023, hvorki gegn starfsfólki né milli íbúa.

Nýting á M18 á árinu 2023 var 80%. Meðalaldur íbúa var 48 ár. Þrír menn dvöldu allt árið en þeir eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði.

Endurhæfing og stuðningur fer fram í nánu samstarfi við heimilismenn og með nýjum tengiliðum er markmiðið að tengja betur saman endurhæfinguna á M18 við Virknihús þannig að þeir einstaklingar sem fá úthlutað á M18 fái sömu tækifæri og þeir sem fá úthlutað á Brautinni og á Njálu.

Óhætt er að fullyrða að markmiðum hafi verið náð hjá þeim sem hafa nýtt sér húsnæði og stuðning frá M18. Þeir sem þjónustuna nota eru misvel í stakk búnir til að nýta sér þann stuðning sem er í boði enda hefur hópurinn sem fengið hefur úthlutun á M18 oftari verið með langa sögu að baki í sínum sjúkdómi og bataferli.

Ástæða þess að lagt er til að samningurinn sé gerður til eins árs nú, í stað þriggja, er til að geta betur mótað starfsemina með tilliti til mats á endurhæfingarþörf í samstarfi við Virknihús.

Fylgiskjal:

Drög að samningi við Samhjálp um rekstur stuðningsheimilis að Miklubraut, dags. 30. desember 2024.